

Umferðarþing það sem nú er að hefjast er það sjöunda í röðinni, en það fyrsta var haldið árið 1990. Á Umferðarþingi er ætlunin að varpa ljósi á stöðu umferðaröryggismála með umfjöllun þeirra sem láta sig það varða, m.a. um framgang umferðaröryggisáætlunar stjórnvalda

Að þessu sinni er dagskrá þingsins skipt í fimm flokka. Þeir eru Öruggeri vegir, götur og umhverfi vega, forvarnir og löggæsla, öruggeri ökutæki, öruggeri ökumenn og ungir ökumenn. Einnig er fjallað um áfengi, lyf, þreytu og slysarannsóknir og að lokum er umferðaröryggi í alþjóðlegu samhengi til umfjöllunar. Meðal fyrirlesara á þessu þingi eru tveir erlendir gestir, Bern Wolfgang Wink, stjórnarmaður í European Union Road Federation sem ætlar fjalla um nýjungar í vegriðum og öðrum öryggisbúnaði vega og hinn er Günter Breyer aðstoðarvegamálastjóri Austurríkis, en hann ræðir um umferðaröryggi í Evrópu í dag, stöðuna og leiðir til úrbóta.

Að fyrirlestrum loknum munu umræðuhópar fjalla um ofangreinda efnisflokka og fulltrúar þeirra gera grein fyrir starfi þeirra. Í lok þingsins verða síðan tillögur að ályktunum bornar upp til samþykktar.

Það þarf mikið þrek til að halda umferðarþing í skugga þess ófriðarbáls sem geysað hefur á götum og vegum landsins á undanförunum mánuðum. Á fyrri hluta ársins tókst að halda umferðarslysum í skefjum þegar borið er saman við síðustu árin en á seinni hluta ársins keyrði svo um þverbak að erfitt er að taka því. Þessi stórskotaliðsárás á umferðina hefur valdið því að alvarleg slys eru 102 það sem af er ári hefur þeim fjölgað um rúm 40% miðað við sama tíma í fyrra. Öllu verra er hlutfall banaslysa. Á 3.ja ársfjórðungi þessa árs urðu 13 banaslys af 25 banaslysum á fyrstu þrem ársfjórðunum ársins. Í fyrra létust 19 manns í umferðarslysum á Íslandi. Erfitt er að alhæfa um orsakir allra þessara slysa en vafalaust eiga agaleysi og glannaskapur þarna stóran þátt þótt sumt sé óhjákvæmilegt að því er virðist. Svona er þetta þótt forvarnir hafi aldrei verið öflugari, bæði á vegum ríkisins og einkaaðila. Þetta eru geigvænlegar tölur og hörmulegt til þess að vita, að okkur gangi ekki betur en raun ber vitni að hindra alvarleg slys og dauðaslys í umferðinni. Við vorum full hjartsýni vegna þess að slysum fór fækkandi allt fram að þriðja fjórðingi þessa árs þegar allt fór úr böndum. Augljóslega þurfum við að gera betur, við megum ekki láta hugfallast. Það má ekki gerast að litið sé á umferðarslys sem eðlilegan fórnarkostnað af því að halda uppi samgöngum í þjóðfélaginu. Við megum ekki sofna á verðinum eða gefast upp í baráttunni við að bæta umferðarmenningu Íslendinga.

Að svo mæltu segi ég Umferðarþing 2006 sett.